



Verklagsreglur fyrir geymslusvæði á vegum Norðurþings – á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn

1. Leigutími á geymslusvæðum (Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn)

Eiganda gáms á stöðuleyfi er skylt að ganga vel og snyrtilega um gáminn og gæta reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ekki er heimilt að geyma neitt ofan á gámum með stöðuleyfi.

Eigendur gáma á stöðuleyfum skulu sjá til þess að geymslugámar á þeirra vegum séu ávallt snyrtilegir í útliti, heillegir og án gata eða riðs.

Ekki er heimilt að byggja utan á eða yfir gám né setja þak með hvaða hætti sem er á geymslugáma á stöðuleyfum. Eigendur gáma skulu sjá til þess að gámar í þeirra eigu eða umsjón séu alltaf í flutningshæfu ástandi.

Athugið að stöðuleyfi fyrir gámum innan lóða eru veitt til eins árs í senn.

2. Leiguskilmálar

2.1. Svæði

Leigusali útvegar leigutaka ákveðið svæði þar sem heimilt er að staðsetja geymslugáma leigu taka og skal leigutaki fara í einu og öllu eftir leiðbeiningum og staðarvali leigusala.

Leigutaki tekur við hinu leigða svæði í því ástandi sem það er og hefur kynnt sér ástand og útlit og ber að skila því að leigutíma loknum í ekki lakara ástandi.

Leigutaki annast á sinn kostnað undirbúning jarðvegs eða undirlags undir fyrirhugaða geymslugáma.

2.2. Umgengni

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um hið leigða svæði og gæta reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ekki er heimilt að geyma neitt fyrir utan geymslugáma á geymslusvæði né ofan á gámum.

Leigutaki skal sjá til þess að geymslugámar á hans vegum séu ávallt snyrtilegir í útliti, heillegir og án gata eða ryðs. Ekki er heimilt að byggja utan á eða yfir gám né setja þak með hvaða hætti sem er á geymslugáma.

Leigutaki skal sjá til þess að gámar í hans eigu eða umsjón séu alltaf í flutningshæfu ástandi.

Leigutaki skal sjá til þess að sá gámur sem er staðsettur á gámasvæði í samræmi við þennan samning sé merktur því auðkenni sem kemur fram undir liðnum „Hið leigða“.

Ef leigutaki fer ekki eftir umgengisreglum og hundsar ábendingar leigusala um úrbætur getur leigusali rift samningi þessum fyrirvaralaust og skal leigutaki fjarlægja gáma og annað sem honum fylgir af svæðinu innan mánaðar. Leigusali getur að þeim tíma liðnum látið fjarlægja og eða fargað gámum og öðru því sem fylgir viðkomandi leigutaka, á kostnað hans.

3. Fjárhæð og greiðsla leigu

Mánaðarleg fjárhæð leigu er samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir 20" eða 40" gám.

Leigufjárhæðin tekur breytingum í samræmi við ákvörðun sveitastjórnar hverju sinni. Leigufjárhæð er skilgreind í gjaldskrá.

Leiga greiðist á 3 mánaða fresti. Leigusali sendir leigutaka greiðsluseðil fyrir leigu hvers mánaðar.

4. Framsal leiguréttar

Leigutaka er óheimilt að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða geymslupláss án samþykkis leigusala.



5. Útlit gáma á geymslusvæðum

Eiganda gáms á stöðuleyfi er skylt að ganga vel og snyrtilega um gáminn og gæta reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ekki er heimilt að geyma neitt ofan á gámum með stöðuleyfi.

Eigendur gáma á stöðuleyfum skulu sjá til þess að geymslugámar á þeirra vegum séu ávallt snyrtilegir í útliti, heillegir og án gata eða ryðs.

Ekki er heimilt að byggja utan á eða yfir gám né setja þak með hvaða hætti sem er á geymslugáma á stöðuleyfum.

Eigendur gáma skulu sjá til þess að gámar í þeirra eigu eða umsjón séu alltaf í flutningshæfu ástandi.

Ef eigandi gáms fer ekki eftir umgengisreglum og hundsar ábendingar Norðurlings um úrbætur getur leigusali rift samningi þessum fyrirvaralaust og skal leigutaki fjarlægja gáma og annað sem honum fylgir af svæðinu innan mánaðar. Leigusali getur að þeim tíma liðnum látið fjarlægja og eða fargað gámum og öðru því sem fylgir viðkomandi leigutaka, á kostnað hans.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi skipulags- og framkvæmdaráðs þann 05.05.2026
Staðfestar í sveitarstjórn þann 11.06.2026